

Verklagsreglur sviðsráðs Menntavísindasviðs

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varafulltrúa í sinn stað.
5. Varafulltrúar sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðsins nema þegar varafulltrúi kemur í stað aðalfulltrúa hefur hann einnig atkvæðisrétt
6. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 1. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
 2. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forsetann,
 3. Kosið skal um ritara,
 4. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
 5. Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins,
 6. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 7. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 8. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
7. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði
8. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara
9. Þrír meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð
10. Fundur telst löglegur ef 4 fulltrúar sviðsráðs mæta og aðalfulltrúar boði varafulltrúa í sinn stað ef þeir komast ekki
11. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
12. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins
 1. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki
13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagrað Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.